

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Úkraínu,
nr. 281/2014, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í rétttri númeraröð:

- 3.70 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/1094 frá 5. júní 2023 um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 3.70.
- 4.79 Reglugerð ráðsins (ESB) 2023/1089 frá 5. júní 2023 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 4.79.
- 5.6 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/1188 frá 19. júní 2023 um breytingu á ákvörðun 2014/386/SSUÖ um þvingunaraðgerðir vegna ólöglegar innlimunar Kríms og Sevastopol, fylgiskjal 5.6.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 14. júlí 2023.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal 3.70.**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2023/1094**

frá 5. júní 2023

um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 17. mars 2014 samþykkti ráðið ákvörðun 2014/145/SSUÖ⁽¹⁾.
- 2) Sambandið styður enn staðfastlega fullveldi og landamærahelgi Úkraínu.
- 3) Í niðurstöðum sínum frá 9. febrúar 2023 ítrekaði leiðtoga ráðið einbeitta fordæmingu Sambandsins á árásarstríði Rússlands gegn Úkraínu sem er augljóst brot á sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Leiðtoga ráðið ítrekaði einnig að Sambandið er reiðubúið til að halda áfram að efla þvingunaraðgerðir sínar gegn Rússlandi.
- 4) Ráðið metur það svo að samband gagnkvæms ávinnings og stuðnings sé til staðar á milli ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins og leiðandi kaupsýslumanna sem starfa í Rússlandi. Einkum hefur ríkisstjórn Rússneska sambandsríkisins kerfisbundið heimilað áberandi rússneskum kaupsýslumönnum að safna að sér auði með nýtingu náttúruauðlinda og annarra opinberra auðlinda. Ráðið telur, í ljósi víxl tengsla á milli leiðandi kaupsýslumanna og ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins að viðmiðanir varðandi tilgreiningu ættu að ná yfir leiðandi kaupsýslumenn sem starfa í öllum atvinnugreinum í Rússlandi. Að auki telur ráðið að rýmka ætti viðmiðanir varðandi tilgreiningu til að unnt sé að skrá, eins og við á, aðra kaupsýslumenn sem taka þátt í atvinnugreinum sem eru umtalsverð tekjulind fyrir ríkisstjórn Rússneska sambandsríkisins, í því skyni að auka þrýstinginn á ríkisstjórn Rússneska sambandsríkisins um að binda endi á árásarstríð sitt gegn Úkraínu.
- 5) Ráðið metur það einnig svo að leiðandi rússneskir kaupsýslumenn hafi stundað kerfisbundna dreifingu á fjármunum og eignum sínum til nánustu aðstandenda sinna og annarra aðila, oft í því skyni að fela eignir sínar, til að sniðganga þvingunaraðgerðir og halda yfirráðum yfir þeim auðlindum sem þeim eru tiltækar. Því litur ráðið svo á að einnig ætti að tilgreina nánustu aðstandendur eða aðra einstaklinga sem hagnast með slíkum hætti á leiðandi kaupsýslumönnum sem starfa í Rússlandi, í því skyni að auka þrýstinginn á ríkisstjórn Rússneska sambandsríkisins um að binda endi á árásarstríð sitt gegn Úkraínu ásamt því að koma í veg fyrir að þvingunaraðgerðir séu sniðgengnar.
- 6) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinta tilteknum aðgerðum í framkvæmd.
- 7) Því ætti að breyta ákvörðun 2014/145/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2014/145/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað e-liðar 1. mgr. 1. gr. kemur eftirfarandi:
„e) leiðandi kaupsýslumenn sem starfa í Rússlandi og nánustu aðstandendur þeirra, eða aðrir einstaklingar sem hagnast á þeim, eða kaupsýslumenn sem taka þátt í atvinnugreinum sem eru umtalsverð tekjulind fyrir ríkisstjórn Rússneska sambandsríkisins, sem ber ábyrgð á innlimun Kríms og því að grafa undan stöðugleika í Úkraínu, eða“.
- 2) Í stað g-liðar 1. mgr. 2. gr. kemur eftirfarandi:
„g) leiðandi kaupsýslumanna sem starfa í Rússlandi og nánustu aðstandenda þeirra, eða annarra einstaklinga sem hagnast á þeim, eða kaupsýslumanna, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem taka þátt í atvinnugreinum sem eru umtalsverð tekjulind fyrir ríkisstjórn Rússneska sambandsríkisins, sem ber ábyrgð á innlimun Kríms og því að grafa undan stöðugleika í Úkraínu, eða“.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 5. júní 2023.

*Fyrir hönd ráðsins,
forseti.*

J. ROSWALL

(¹) Ákvörðun ráðsins 2014/145/SSUÖ frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu (Stjtíð. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 16).

Fylgiskjal 4.79.**REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2023/1089**

frá 5. júní 2023

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2014/145/SSUÖ frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu(¹),

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð ráðsins (ESB) nr. 269/2014(²) koma þær þvingunaraðgerðir til framkvæmda sem kveðið er á um í ákvörðun 2014/145/SSUÖ.
- 2) Hinn 5. júní 2023 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2023/1094(³) þar sem breytt var einni viðmiðun fyrir skráningu einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana til að ná yfir leiðandi kaupskýslumenn sem starfa í Rússlandi og nánustu aðstandendur þeirra, eða aðra einstaklinga sem hagnast á þeim, og kaupskýslumenn, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem taka þátt í atvinnugreinum sem eru umtalsverð tekjulind fyrir ríkisstjórn Rússneska sambandsríkisins.
- 3) Breytingin fellur undir gildissvið sáttmálans og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg til að hrinda henni í framkvæmd, einkum til að tryggj sé að henni sé beitt með samræmdum hætti í öllum aðildarríkjunum.
- 4) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 269/2014 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað g-liðar, 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 269/2014:

„g) leiðandi kaupskýslumenn sem starfa í Rússlandi og nánustu aðstandendur þeirra, eða aðra einstaklinga sem hagnast á þeim, eða kaupskýslumenn, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem taka þátt í atvinnugreinum sem eru umtalsverð tekjulind fyrir ríkisstjórn Rússneska sambandsríkisins, sem ber ábyrgð á innlimun Kríms og því að grafa undan stöðugleika í Úkraínu, eða“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. júní 2023.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

J. ROSWALL

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 16.

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 269/2014 frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu (Stjttíð. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 6).

⁽³⁾ Stjttíð. ESB L 146, 6.6.2023, bls. 20.

Fylgiskjal 5.6.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2023/1188

frá 19. júní 2023

um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) nr. 2014/386/SSUÖ um þvingunaraðgerðir vegna ólöglegar innlimunar Kríms og Sevastopol.

2. mgr. 5. gr. hljóði svo: Þessi ákvörðun skal gilda til 23. júní 2024. (Efnisútdráttur).

B-deild – Útgáfudagur: 17. ágúst 2023